

- 8 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Schram-sjóð“, útgefin á venjulegan 13. jan. hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. janúar 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Schram-sjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Schram-sjóður.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfum, dags. 7. marz 1939 og 24. september 1946, af Ellert Kristófer Schram, skipstjóra, Reykjavík, nemur nú kr. 3593.68 og er eign Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn skal standa á vöxtum í 100 ár og vextirnir ávallt lagðir við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum skulu $\frac{3}{4}$ hlutar vaxtanna ganga til styrktar fiskveiðunum, svo sem til vísindalegra rannsókna í þarfir fiskveiðanna, sérstaklega með það fyrir augum, að viðhalda fiskistofnum nytjafiskanna og rannsaka á hvern hátt þeir verði verndaðir gegn ofveiði og hvort, og að hve miklu leyti þeir liggi undir sliti fyrir veiðunum. Á sama tíma skal $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna lagður við höfuðstólinn, þar til hann nær því að verða kr. 500000.00, en eftir það skal verja $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna í ofangreindu skyni, en $\frac{9}{10}$ hluti vaxtanna þá lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fiskveiðunum, eins og lýst er í 3. gr. hér að ofan, og skal ávallt fara eftir tillögum forstjóra Fiskideildarinnar í Atvinnudeild Háskóla Íslands eða forstjóra þeirrar stofnunar, sem þá kynni að hafa yfirráð yfir fiskirannsóknum landsins í hennar stað.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt, t. d. í Söfnunar-sjóði Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn lýtur sömu stjórn sem Atvinnudeild Háskóla Íslands, sér í lagi Fiskideildin, og hefur stjórn Atvinnudeildarinnar stjórn sjóðsins með höndum með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Halda skal gerðabók um allar fjárveitingar úr sjóðnum og aðra meðferð hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir sjóðinn skal gera árleg reiknings-skil, sem endurskoðast af endurskoðendum ríkisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.